

Leikskólinn Garðasel

Foreldrafélagið 2023-2024.

Foreldrafélagsfundur 26. febrúar 2024.

Mættir voru: **Lena Gunnlaugsdóttir, Anna Kvaran, Sigurrós Harpa Sigurðardóttir, Viktoría Rós Viktorsdóttir og Ragnheiður Ragnarsdóttir** fulltrúi leikskólans.

- Rætt var um sveitaferðina sem foreldrafélagið er að skoða. En leikskólinn er hættur að fara með börn í sveitaferð upp á Bjartheyjarsand. Lena er búin að athuga með ferð á Hraðastaði í Mosfellssveit. Ákveðið að skoða ferð á næsta ári 2025 og taka frá heilan dag fyrir Garðasel, þá er hægt að fara með þrjá hópa yfir daginn.
- Farið var yfir fjármál félagsins, og er staðan á reikningum 150.198 krónur. Sendir verða út greiðsluseðlar fyrir árið 2024-2025 núna í mars. Gjaldið er 3500 kr fyrir fyrsta barn en 2500 kr. fyrir annað barn.
- Foreldrafélagið gaf í fyrra útskriftarhópnum merкта sundpoka og er vilji til að gera það aftur í ár. Foreldrafélagið hefur keypt kökur til að hafa í útskriftaveislunni og kom upp hugmynd um að hafa Pálinuboð, þannig að foreldrarnir kæmu með veitingar á veisluborðið. Þannig væri hægt að eyða meiri pening í börnin. Þetta er hugmynd sem þarf að skoða.
- Foreldrafélagið hefur leigt hoppukastala í tengslum við íþróttavikuna í leikskólanum sem er í ár 3 til 7 júní. Harpa ætlar að hafa samband við sömu hoppukastalaleigu og í fyrra og panta kastala á fimmtudeginum 6. júní. Fá þrjá kartala eins og í fyrra. Kostnaðurinn í fyrra var 70. þús.
- Ég upplýsti foreldrafélagið um mikla ánægju starfsmanna og barna með Skjóðu og jólasveinana 2 og værum við til í að fá þau aftur til okkar fyrir næstu jól. (kostnaðurinn var 151.200 kr)
- Ákveðið var að halda vorhátíð þetta árið og hafa þá fjáröflun í leiðinni til að fjármagna kaupa á Bamba gróðurhúsi. Ákveðið að stefna á 15. maí, frá kl 15:00-17:00. Harpa ætlar að hafa samband við íþróttaálfinn og fá hann til að koma kl 16:00. Fram komu margar góðar hugmyndir um hvaða vörur væri hægt að selja. Grilla pylsur, biðja foreldra elsta árgangsins um að baka skúffukökur, kleinur, fá lánaða poppvél og selja popp, selja svala, ís og fleira. Fram kom hugmynd um að foreldrafélagið ásamt foreldrum, útbyggju leikdeig sem hægt væri að setja í poka og selja. Einnig kom fram hugmynd um að selja fjölnota poka. Þá væri hægt að hafa forpöntun á vorhátíðinni og afhendingu síðar þegar búið væri að framleiða pokana. Fram kom hugmynd um að hafa ókeypis andlistsmálningu fyrir börnin og ætlar foreldrafélagið að skaffa andlitsliti og fá eldri börn og jafnvel nokkra starfsmenn til að mála börnin. Í tengslum við fjáröflunina komu fram margar hugmyndir sem foreldrafélagið og leikskólinn ætlar að skoða nánar.

Tekið saman af Ragnheiði Ragnarsdóttur